

Fundur 24.3.2025 Cassius Clay. (Múhammed Ali).

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

Góða kvöldið.

Er þetta í annað skipti sem ég kem í sambandið til ykkar, og er ég nú öllu hressari en ég þá var.

Og sterk eru tengslin við ykkar land og finn ég mikinn og góðan kærleika frá ykkar þjóð.

Og vildi ég gjarnan lýsa því að hef ég tekið vel á móti félaga mínum og vil ég gjarnan lýsa því nokkru nánar, er hér orðinn öflugur í framlífi.

Og er ég einn af þeim sem lesið hef spádómana um hina Íslensku þjóð og eftir örðugleika nokkra sem við lentum í, sem munu hafa verið sameiginlegir mörgum þjóðum og sem Jahve kemur nálægt, ákváðum við nokkrir félagarnir sem höfðum talað til ykkar Íslensku þjóðar, að lesa betur þessa spádóma um pýramídana og annað slíkt.

Og reyna að magna ykkur og leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að sýna þakklæti okkar, þar sem vandræði þau sem ég get ekki farið út í hér, munu tengjast kynþætti okkar og er okkur mikið í mun að tengjast inn á þá framfara braut sem spáð var fyrir að yrði fyrir mannkynið og að gamla frumlífs jörðin mundi þar spila þátt í því.

Þegar fram kom á minni jörð fyrrverandi félagi minn og andstæðingur, þá fannst mér ég þurfa að lýsa öllu því sem ég hef lesið um ykkar þjóð og lýsa því fyrir ykkur að margir af þeim sem tilheyra okkar þjóðfélagi, viljum standa frammar en, en margir af samlöndum okkar sem hugsa um að halda í frægð sína og veraldlegan auð.

Var ég ekki með, hafði ég orðið fyrir skaða í jarðlífi og var ég ekki að fullu búinn að ná mér þegar ég talaði við ykkur fyrr, en hef ég nú náð mér nokkurn veginn að fullu og hefur áhugi minn á andlegum málum vaxið, og hef ég þar að auki reynt að segja skilið við Múhameðs trú, en það hefur verið mér erfitt, þar sem hótanir ganga og reynt að hindra mig í því að segja skilið við þá trú sem ég tók upp.

En engu að síður er áhugi minn að vakna á vísindalegum málefnum og hef ég fylgst með því hvernig vandamálin eru til staðar hér, þótt við séum í framlífi og hef ég hlustað á þá sem fram eru komnir á öðrum framlífs jörðum sem ráðleggja mér að láta af Múhameðs trúnni og fara í friðar boðskap.

Get ekki lýst því í smáatriðum en hann er hér kominn og hef ég sagt honum frá þessu, og reyni ég að segja til nafns.

Og þakka ég fyrir mig, en vil ég einnig bæta því við,

Ekki ert þú Cassius Clay ?

Jú ég er Cassius Clay,

Við erum ekkert að kalla þig Muhamed Ali lengur.

Nei Nei.

Já hann er nýkominn yfir mótherji þinn.

Já, hér eru margskonar samfélög og sum þeirra vísindaleg en ekki allir, hef ég náð mér nokkurn veginn eftir raskanir, eftir mörg högg, og áhugavert að segja frá þeim framförum og það er hér margt að gerast, þakka ég fyrir mig og vonandi að hann komist einnig í sambandið, þakka ég fyrir, verið þið sæl og blessuð.

Vertu sæll og blessaður.